

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts

Ár 2023, þriðjudaginn 12. september var haldinn 35. fundur íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts. Fundurinn var haldinn í Norðlingaskóla og hófst kl. 16.40. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Þorkell Heiðarsson, Björn Gíslason, Elvar Örn Þórisson, Lina Marcela Giraldo og Vera Sveinbjörnsdóttir.

Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um skólasamfélagið í Norðlingaskóla, forvarnir og félagsauð. MSS22090034

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts þakkar skólastjóra Norðlingaholts fyrir góða kynningu og umræður. Ráðið tekur undir ábendingar um nauðsyn á efldu samstarfi foreldra og skólasamfélags um forvarnir og ráðið hyggst stuðla að því að slíkt megi verða.

Aðalbjörg Ingadóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 17.20 tekur Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir sæti á fundinum.
2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsviðs, dags. 28. ágúst 2023, vegna auglýsinga á tillögu að breytingu á hverfisskipulagi vegna Selásbrautar 98. USK23020273
 3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 15. ágúst 2023, vegna kosninga í Hverfið mitt 2023. MSS22020075
 4. Lagt fram fundadagatal íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts tímabilið september-desember 2023. MSS22080127
Samþykkt.
 5. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
 6. Lagt fram erindi stjórnar Húsfélagsins Elliðabraut 4-10, ódags. vegna Elliðabrautar 4-10 vinnu við hljóðmön og legu aðreinar að bensínsstöð N1. MSS23090076
Samþykkt að fela starfsmanni íbúaráða í samráði við formann að afla frekari upplýsinga hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar um stöðu málsins.

Fundi slitið kl. 18.30

Þorkell Heiðarsson

Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir
Björn Gíslason
Lina Marcela Giraldo

Elvar Örn Þórisson
Vera Sveinbjörnsdóttir